

3. HLUTI

Kynbundnar loftslagsaðgerðir og -stefnur



Co-funded by
the European Union

Kynbundnar loftslagsaðgerðir og -stefnur

Loftslagsbreytingar hafa hlutfallega meiri áhrif á konur, sérstaklega konur í viðkvæmri stöðu eða konur sem tilheyra jaðarhópum. [Heimild](#)

Þess vegna munum við í þessum hluta leggja áherslu á mikilvægi þess að taka tillit til kynbundinna þátta þegar rætt er um loftslagsbreytingar, stefnur og aðgerðir.

01 Áhrif loftslagsbreytinga á konur

02 Kynjamiðaðar loftslagsstefnur

03 Konur, mótvægisaðgerðir og aðlögun

04 Valdefling kvenna og loftslagsaðgerðir

05 Kynjasambætting í loftslagsstefnum

Styrkt af Evrópusambandinu. Skoðanir og skoðanir sem settar eru fram eru þó eingöngu höfundar og endurspeglar ekki endilega skoðanir Evrópusambandsins eða Framkvæmdastofnunar Evrópu um mennta- og menningarmál (EACEA). Hvorki Evrópusambandið né EACEA geta borið ábyrgð á þeim.



Co-funded by
the European Union



01

Áhrif
loftslagsbreyting
a á konur



Þrenns konar tengsl kynja og loftslagsbreytinga

- **Niðurbrot umhverfis** getur haft mismunandi áhrif á karla og konur vegna ólíkra kynhlutverka. Þetta á sérstaklega við í afskekktum sveitarfélögum, þar sem fólk hefur lífsviðurværi sitt af beinni nýtingu náttúruauðlinda, og þar sem kynjaskipting flestra verkefna og starfsemi er í mjög föstum skorðum.
- **Ábyrgðin** á losun gróðurhúsalofttegunda og álagi á umhverfi er ekki sú sama á milli kynjanna. Kolefnisfótspor karla er að meðaltali hærra og þeir eru líka líklegri til að leiða stórfyrirtæki, sem bera ábyrgð á stórum hluta losunarinnar, eða til að leiða ríkisstofnanir sem bera ábyrgð á hagstjórninni. [Heimild](#) [Heimild 2](#)
- **Mismunandi hlutverk í samfélaginu**, og mismunandi gildi, undirstrikar mikilvægi þess að öll kyn komi að ákvarðanatöku. Bæði við mótun stefnu og þróun lausna. Aukin fjölbreytni í sameiginlegri ákvarðanatöku er líklegri til að skila sér í fjölbreyttari hugmyndum og betri lausnum en ef allar ákvarðanir eru teknar af sama kyni.



Kvenréttindi og loftslagsbreytingar (Skýrsla OHCHR 2019)

Í skýrslunni er mælt með „kynjaðri, réttindatengdri nálgun varðandi loftslagsaðgerðir og lögð er áhersla á nauðsyn þess að taka með í reikninginn að konur séu hvatamenn breytinga.“ Ennfremur að „afdráttarlaus, jöfn og merkingarbær þátttaka allra kvenna í ákvarðanatöku um loftslagsbreytingar verði forgangsmál.“

Þá er gengist við að þekking kvenna á umhverfinu og færni þeirra muni skipta sköpum fyrir árangursríkar loftslagsaðgerðir. Raddir þeirra ættu að upplýsa og stýra stefnum og aðgerðum í loftslagsmálum.

Meira lesefni um kyn og loftslagsbreytingar

Til að ígrunda betur tengsl kyns og loftslagsbreytinga eru hér nokkrir tenglar á áhugaverðar umræður og greinar um þessi mál:

- [„Gender & Climate“ – Hlaðvarpsveita Apple](#)
- [Why the Climate Crisis is a Crisis for Women – YouTube](#)
- [Climate change is not gender neutral feat. @OurChangingClimate – YouTube](#)
- [Gender equality and climate change | Evrópustofnun um jafnrétti kynjanna \(europa.eu\)](#)
- [Gender and Climate Change: An Introduction | CGIAR GENDER Impact Platform](#)





02

Kynjamiðaðar loftslagsstefnur



Hvað eru kynjamiðaðar loftslagsstefnur?

- Að gangast við því að loftslagsbreytingar eru kynbundið málefni.
- Að fá öll kyn að borðinu í ákvarðanatöku og framkvæmdum á jafnréttisgrundvelli.
- Að konur mæti með önnur sjónarmið, annað samhengi og reynslu í umræðuna, sem tryggir að ákvarðanir sem teknar eru og aðgerðir sem ráðist er í bregðist við mismunandi þörfum kvenna og karla – bæði á landsvísu og á einstökum stöðum.

„Konur eiga heima alls staðar þar sem ákvarðanir eru teknar. Konur eiga ekki að vera undantekningar.“

Ruth Bader Ginsburg



Stefnur sem bjóða upp á raunverulegar og sjálfbærar lausnir

Það er því lykilatriði að valdefla konur til að taka þátt í að finna lausnir á þeim áskorunum sem fylgja loftslagsbreytingum.

Konur eiga sér sín eigin sérsvið og hafa sínar eigin leiðir til að tjá og miðla þeirri þekkingu áfram. Þessi þekking er oft nauðsynleg til að viðhalda samfélögum, lífsviðurværi, gildum og velferð viðkomandi samfélaga.

Það er rétt að líta á þekkinguna og heimsmyndina sem fylgja ólíkum kynjum sem eitthvað sem styður hvert við annað og sé jafn mikilvægt þegar leitað er sjálfbærra lausna á loftslagsvandnum.



Mikilvægi staðbundinnar þekkingar fyrir loftslagsstefnu

Þegar við tölum um staðbundna þekkingu erum við oft að vísa til **hefðbundinnar þekkingar, gilda og færni sem hafa þróast innan samfélaga** í gegnum samspil við náttúrulegt og menningarlegt umhverfi yfir langan tíma.

Sú margvíslega og fjölbreytta þekking sem lífsreynsla kynjanna innan þessara samfélaga hefur fært þeim er dýrmæt, hún skiptir höfuðmáli. Staðbundin þekking er mikilvægur þáttur til að hafa í huga, sérstaklega þegar loftslagsstefna er aðlöguð að svæðinu og tekin til notkunar.

Staðbundin þekking er sömuleiðis mikilvæg fyrir starfshætti ferðaþjónustunnar innan landshluta og það hvernig hægt er að fella loftslagsstefnu inn í starfsemi ferðaþjónustunnar á staðnum.



Kynjasjónarmið við gerð loftslagsstefnu



Tæknitengd ferli og kerfi

Loftslagsfjármögnun



Kynjamunur í
stjórnunarstöðum

Skortur á kynbundnum
gögnum um áhrif
loftslagsbreytinga




Fáðu innblástur ...

Í Handbók We Lead um góða starfshætti er saga Susan Heffernan.

Rakið er hvernig hún skapar tengingu á milli kynjajafnvægis, mannréttinda og loftslagsaðgerða. Þetta gerir hún í gegnum störf sín fyrir Mary Robinson stofnunina í Ballina Írlandi.



Æfing



Hvernig geta eftirfarandi loftslagsstefnur haft mismunandi áhrif á karla og konur?

Íhugið:

- Hvatar til að auka hlut rafbíla
- Fræðsluefni til að varpa ljósi á loftslagsávinninginn af matvælum úr jurtaríkinu
- Innleiðing nýrrar endurvinnsluáætlunar fyrir heimili



Hvers vegna skiptir kyn máli fyrir skilvirka aðlögun að loftslagsbreytingum



Þetta stutta myndband sýnir hvers vegna það er mikilvægt að fólk með mismunandi bakgrunn, mismunandi kyn og úr mismunandi stéttum gegni lykilhlutverki við ákvarðanatöku þegar kemur að loftslagsstefnum, sem og lausnum og útfærslum – þar sem áhrif loftslagsbreytinga eru ekki þau sömu fyrir alla.






03

Konur, mótvægis-
aðgerðir og
aðlögun




Hvað eru mótvægisaðgerðir og aðlögun?



Mótvægisaðgerðir:

Aðgerðir sem **draga úr áhrifum loftslagsbreytinga** með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið, eða með því að bæta geymslu þessara lofttegunda.



Aðlögun:

Að sjá fyrir skaðleg áhrif loftslagsbreytinga og gera **ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða lágmarka skaðann** sem þær kunna að valda. Með öðrum orðum, aðlaga sig að núverandi sem og líklegum framtíðaráhrifum loftslagsbreytinga.




Konur og mótvægisaðgerðir – matur

Fjöldi rannsókna sýnir að konur hafa minna kolefnisfótspor en karlar.

Dæmi:

Rannsóknir frá Hollandi, Sviss og Finnlandi sýna allar sömu niðurstöðu: Mataræði karla er kolefnisfrekara en kvenna, aðallega vegna þess að karlar borða meira kjöt.

Forvitnileg lesning: [FULLTEXT02.pdf \(diva-portal.org\)](#)



Stutt æfing:

Finndu forrit til að reikna út „matarspor“ þitt – kolefnisfótspor síðustu máltíðar þinnar.

Víða er kjötát tengt
karlmennsku!



Konur og mótvægisaðgerðir – Samgöngur



Stórir, **orkufrekir** bílar eru oft tengdir **karlmennsku**

Konur eru líklegri til að velja sparneytna bíla eða ferðamáta ... [Heimild](#)

[Forvitnileg lesning](#)
[Forvitnileg lesning](#)
[Forvitnileg lesning](#)



*Þegar við
gróðursetjum tré, þá
gróðursetjum við fræ
friðar og fræ vonar*

Wangari Maathai

Kyn og aðlögun

Flestar rannsóknir á kynjum og aðlögun hafa verið gerðar í þróunarlöndunum.

Sýnt hefur verið fram á að áhrif loftslagsbreytinga magna upp ríkjandi ójöfnuð.

Þetta þýðir að á stöðum þar sem konum er mismunað geta loftslagsbreytingar gert þessa mismunun enn verri.

Kynhlutverk eru mismunandi á milli staða. Því þarf **greining á loftslagsáhrifum og aðlögunaráætlunum að taka tillit til mismunandi kynja.**

[Forvitnileg lesning](#)





04

Valdefling kvenna og loftslagsaðgerðir





Mikilvægi

Valdefling kvenna og loftslagsaðgerðir eru samtengd markmið sem krefjast samþættra aðferða við að:

- taka á kynjamisrétti,
- auka seiglu, og
- ná markmiðum um sjálfbæra þróun.

Valdefling kvenna eykur ekki bara seiglu í loftslagsmálum, heldur skapar líka jafnari samfélög fyrir alla. Samfélög sem eru fær um að takast á við þær flóknu áskoranir sem loftslagsbreytingum fylgja.



Lykilatriði

Efnahagsleg
tækifæri

Berskjöldun
og
áhrif

Menntun
og
meðvitund

Heilsa
og
vellíðan

Samfélags-
seigla

Forysta
og
ákvarðanataka

Stefna
og
barátta

Veikleikar
sem
skarast



Áhrif og forysta

➤ **Berskjöldun og áhrif:**

Konur finna oft meira fyrir áhrifum loftslagsbreytinga vegna félagslegra, efnahagslegra og menningarlegra þátta.

Í mörgum samfélögum bera konur öðrum fremur ábyrgð á verkefnum sem loftslagsbreytingar hafa áhrif á, beint eða óbeint.

➤ **Forysta og ákvarðanataka:**

Jöfn þátttaka og jafn margir fulltrúar í ákvarðanatökuferlum varðandi aðlögun og mótvægisaðgerðir vegna loftslagsbreytinga.

Konur eru líklegri til að sinna þörfum samfélagsins alls, þar á meðal þörfum viðkvæmra hópa.



**MENNTUN ER
ÖFLUGASTA VOPNIÐ
SEM ÞÚ GETUR NOTAÐ
TIL AÐ BREYTA
HEIMINUM**

Nelson Mandela



Menntun

Menntun og vitundarvakning getur:

- aukið skilning kvenna á loftslagsbreytingum.
- fært þeim þá þekkingu og færni sem þarf til að laga sig að breyttum umhverfisaðstæðum.

Menntaðar konur eru yfirleitt líklegri til að tileinka sér sjálfbærar aðferðir sem stuðla að loftslagsaðgerðum.

Áhugaverð lesning:

- [Gender and climate action | Population and Environment \(springer.com\)](#)
- [Educating women and girls, key to achieving SDGs | WONDER Foundation](#)
- [Climate action - CAMFED](#)



Efnahagsleg tækifæri og stefna

Með því að tryggja konum **efnahagsleg tækifæri** gerirðu þeim kleift að taka þátt í grænum iðnaði, verkefnum tengdum endurnýjanlegri orku, sjálfbærum landbúnaði og öðrum loftslagsvænum greinum.

Þetta hjálpar til við að:

- draga úr losun gróðurhúsalofttegunda
- bæta efnahagslega seiglu
- stuðla að vexti fyrir alla

Með því að **leyfa röddum kvenna að heyrast betur** og takast á við kynjamisrétti við stefnumótun verða stjórnvöld og alþjóðastofnanir betur í stakk búin til að takast á við kynjamisrétti og loftslagsbreytingar, tvær áskoranir sem skarast.



Heilsa

Loftslagsbreytingar hafa áhrif á ýmsa þætti heilsu, þar á meðal frjósemi, heilsu mæðra og aðgang að heilbrigðisþjónustu. Konur þurfa að taka upplýstar ákvarðanir um heilsu sína og vellíðan, þar á meðal að hafa aðgang að getnaðarvörnum og annarri heilbrigðisþjónustu varðandi barneignir.

Samfélag

Konur leiða oft breytingar innan samfélaga, með því að virkja ýmis úrræði, byggja upp tengslanet og innleiða grasrótaverkefni til að bregðast við loftslagsvá. Forysta kvenna í samfélagslegum aðlögunar- og mótvægisaðgerðum getur gert samfélög tilbúnari til að takast á við loftslagsbreytingar af meiri seiglu.

Berskjöldun

Konur í jaðarsettum og fátækum samfélögum þurfa að takast á við samtvinnaða erfiðleika vegna kynferðis, erfiðrar félagslegrar og/eða efnahagslegrar stöðu og umhverfispáttá. Til að styrkja þessar konur þarf að takast á við kerfisbundið misrétti og tryggja að þær hafi alvöru áhrif í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

Samtök og tengslanet

Konur fyrir sameiginlega framtíð (WECF): WECF er net kvennasamtaka og umhverfissamtaka sem vinna að kynjajafnrétti og sjálfbærri þróun, þar á meðal loftslagsbreytingum, í Evrópu og víðar. www.wecf.org

Hagsmunasamtök evrópskra kvenna (EWL): EWL eru regnhlífarsamtök sem berjast fyrir réttindum kvenna og jafnrétti kynjanna í Evrópu. womenlobby.org

Umhverfis- og þróunarstofnun kvenna (WEDO): Þótt stofnunin sé með aðsetur í Bandaríkjunum starfar WEDO einnig í Evrópu og vinnur að því að efla jafnrétti kynjanna og réttindi kvenna varðandi umhverfisstefnur og loftslagsmál á heimsvísu. wedo.org



Framtök og herferðir

Konur fyrir loftslagsmálin, framtak borgarráðs Barcelona: Leiðir saman kvenleiðtoga, sérfræðinga og aðgerðarsinna til að efla forystu kvenna í loftslagsaðgerðum. Átakið inniheldur leiðbeinandaáætlanir, vinnustofur til að byggja upp færni og vitundarvakningarherferðir fyrir almenning.

c40.org/women4climate/mentorship-programme/barcelona-2023

Konur knýja loftslagslausnir frá Evrópsku loftslagsstofnuninni: Styður frumkvöðlakonur í Evrópu sem eru að þróa loftslagslausnir. Samtökin fjármagna verkefni, bjóða upp á tækifæri til tengslamyndunar og leiðsögn til að styðja við loftslagsverkefni undir forystu kvenna.

europeanclimate.org



Kafaðu dýpra – viðbótarlesefni

- [Welcome | UN Women – Headquarters](#)
- [Home | Climate & Development Knowledge Network \(cdkn.org\)](#)
- [The Gender Action Plan | UNFCCC](#)
- [Gender-Responsive Strategies on Climate Change \(wedo.org\)](#)
- [Gender and Climate Finance: Double Mainstreaming for Sustainable Development \(boell.org\)](#)
- [Advancing Gender-Responsive Climate Action: Policy Brief Reveals Progress and Challenges | UNFCCC](#)
- [Gender and Climate Change: Impacts, Science, Policy - 1st Edition \(routledge.com\)](#)
- [A Green Feminist Foreign Policy for the EU | Heinrich Böll Stiftung | \(boell.org\)](#)





05

Kynjasambættling í loftslagsstefnum





Kynjasambætting í loftslagsstefnum er nálgun sem sambættir kynjasjónarmið á öllum stigum loftslagstengdrar stefnumótunar, áætlanagerðar og framkvæmdar. Tilgangurinn er að takast á við samtvinnaðar áskoranir loftslagsbreytinga og kynjamisréttis með því að tryggja að loftslagsaðgerðir séu **sanngjarnar og tryggi inngildingu**, með hliðsjón af mismunandi áhrifum loftslagsbreytinga á karla og konur, sem og mismunandi hlutverk þeirra, þarfir og hæfni þegar kemur að aðlögun og mótvægisaðgerðum.

[Why do we need to accelerate the mainstreaming of gender into climate action? - Grantham Research Institute on climate change and the environment \(lse.ac.uk\)](https://www.lse.ac.uk/GranthamResearchInstitute/why-do-we-need-to-accelerate-the-mainstreaming-of-gender-into-climate-action/)





„Loftslagsbreytingar eru stærsta einstaka ógnin sem mannkynið stendur frammi fyrir. Þar sem konur eru um helmingur jarðarbúa, auk þess sem þær hafa einstakt sjónarhorn, þekkingu og reynslu þegar kemur að nærumhverfi sínu, þá væri órökrétt að undanskilja 4 milljarða af lausnum frá umræðunni, stefnunum og aðgerðunum, aðlögunarferlinu og mótvægisaðgerðunum, ef við ætlum að tryggja sjálfbæra framtíð fyrir alla.“

Lorena Aguilar.



Sambætting kynjasjónarmiða í loftslagsaðgerðum: Greining og greiningartæki

- **Alhliða kynjagreining:** Þetta felur í sér að beita kynjagreiningu og upplýsingakerfum með sundurliðun kynja, til að greina áhrif loftslagsbreytinga á mismunandi kyn. Slík greining er mikilvæg til að sérsníða loftslagsaðgerðir sem takast á við sérstakar þarfir karla og kvenna á árangursríkan hátt og nýta krafta beggja kynja.
- **Að nota kynbundin greiningartæki:** Með því að beita kynbundinni aðferðafræði má tryggja að aðlögunarferli og mótvægisaðgerðir séu hannaðar með skýrri vitund um samspil kynjanna. Þessi heildræna nálgun spannar allt ferlið, frá skipulagningu og þróun til framkvæmdar, eftirlits og mats, og hefur kynjavinkilinn til hliðsjónar í hverju skrefi.



Að takast á við staðalímyndir kynjanna og mismunun:

- **Valdefling og inngilding í ákvarðanatöku:** Að stuðla að valdeflingu kvenna og tryggja að þær komi að ákvarðanatökuferlum er grundvallaratriði til að þróa nýstárlegar og sjálfbærar lausnir við áskorunum í loftslagsmálum. Dr. Oyun Sanjaasuren, samskiptastjóri hjá Grænum loftslagssjóði Alþjóðæfnahagsráðsins, orðar það vel; „Þegar bæði karlar og konur taka þátt í umræðum og ákvarðanatökum um loftslagsbreytingar verða niðurstöðurnar betri.“ Þessi inngilding er nauðsynleg til að móta stefnu sem er ekki bara árangursrík, heldur líka sanngjörn og mætir þörfum fjölbreyttra samfélaga.
- **Uppbygging færni:** Það er mikilvægt að efla aðgang kvenna að þekkingu og færni á sviðum sem eru mikilvæg fyrir loftslagsaðgerðir. Sviðum eins og landbúnaðarvistfræði, landbúnaðarskógrækt og vinnslu endurnýjanlegrar orku. Að efla færni kvenna á þessum sviðum gerir þeim kleift að vera virkari þátttakendur í loftslagsaðgerðum, sem stuðlar að sjálfbærum lausnum sem gagnast samfélaginu öllu.



Samantekt

Kynjasambætting fyrir loftslagsstefnu er ekki bara stefna til að efla jafnrétti kynjanna; það er grundvallaratriði til að auka seiglu og tryggja skilvirkari og sjálfbærari viðbrögð í loftslagsmálum.

Með því að samþætta kynjasjónarmið inn í loftslagsaðgerðir getum við nýtt allan skala mannlegs hugvits, reynslu og þekkingar í leið okkar að réttlátari og sjálfbærari framtíð fyrir alla.



www.welead.eu



Fylgið okkur hérna:



This license enables reusers to distribute, remix, adapt, and build upon the material in any medium or format, so long as attribution is given to the creator. The license allows for commercial use. CC BY includes the following elements: BY: credit must be given to the creator.



Co-funded by
the European Union